



Alþingi - nefndasvið  
b.t. Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Norðurlandi vestra 15. mars 2017.*

**Efni:** Umsögn stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) um tillögu til þingsályktunar um úttekt á starfsemi fjölmiðla utan höfuðborgarsvæðisins og leiðir til að tryggja stöðu þeirra, sbr. þingskjal nr. 134, 77. mál.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) tekur eindregið undir þingsályktunartillögu þess efnis að Alþingi feli mennta- og menningarmálaráðherra að láta gera úttekt á stöðu fjölmiðla sem starfa utan höfuðborgarsvæðisins og leggja fram tillögur sem stuðli að því að efla og tryggja stöðu þeirra. Um gildi og mikilvægi öflugrar fjölmiðlunar er ekki deilt. Staðbundnir fjölmiðlar hafa verið starfræktir víða um land um árabil og hafa sannað gildi sitt. Rekstur þeirra hefur þó oftast gengið illa. Því er mikilvægt að skoða hvaða leiðir eru færar til að auka möguleika lítilla staðbundinna fjölmiðla til að gegna öllum þeim hlutverkum sem alvöru fjölmiðlar þurfa að sinna.

Virðingarfyllst,  
f. h. stjórnar SSNV

Björn Línal Traustason,  
framkvæmdastjóri



Samtök sveitarfélaga  
á Norðurlandi vestra  
Kt. 541292-2419  
Höfðabráut 6 · 530 Hvammstangi